

## Sveitarstjóri Dalabyggð

---

**From:** Elsa B. Friðfinnsdóttir <elsa.fridfinnsdottir@hrn.is>  
**Sent:** föstudagur, 15. október 2021 14:11  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð  
**Cc:** gudlaug.einarsdottir@hrn.is  
**Subject:** Svar við erindi dags. 16. september um rekstur Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns.

**Categories:** Vistað í OneCRM; 1910017  
**One:** -1

Tilvísun í mál: HRN20070135

Dalabyggð  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

**Efni: Svar við erindi dags. 16. september um rekstur Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns.**

Vísað er í erindi dags. 16. september sl. Í erindinu er ítrekuð fyrirspurn frá 21. maí 2021 um afstöðu heilbrigðisráðuneytisins til þess að Heilbrigðisstofnun Vesturlands hafni því að taka við rekstri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns.

Í hinu nýja erindi er áréttað það mat sveitarfélagsins að hagræði í rekstri gæti fengist með sameiningu við Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í framhaldi þeirrar áréttingar er síðan vísað til mögulegs samreksturs sem gæti aukið faglega þekkingu í rekstri heimilisins.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að ekki séu fordæmi fyrir því að hjúkrunarheimili sem rekið er af sveitarfélagi sameinist opinberri heilbrigðisstofnun. Á síðustu mánuðum hafa fjögur sveitarfélög sagt sig frá rekstri hjúkrunarheimila. Í tveimur tilfellum var heilbrigðisstofnun í viðkomandi heilbrigðisumdæmi falinn rekstur hjúkrunarheimilanna. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands hefur núverandi samningur sveitarfélagsins Dalabyggðar við Sjúkratryggingar verið framlengdur til loka febrúar 2022 gegn hækkun á daggjaldi. Ennfremur kemur fram í svari Sjúkratrygginga við fyrirspurn ráðuneytisins, að Dalabyggð hafi ekki tilkynnt um að ekki verið samið frekar við stofnunina.

Heilbrigðisráðuneytið fagnar því að vilji sé til þess hjá sveitarfélaginu að efla faglega þekkingu í rekstri Silfurtúns. Bent er á þann möguleika að sveitarfélagið leiti til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands um kaup á slíkri þjónustu hjá stofnuninni, hvort sem um væri að ræða fræðslu eða önnur verkefni.

Fyrir hönd ráðherra,  
Elsa B. Friðfinnsdóttir

**Elsa B. Friðfinnsdóttir, sérfræðingur / Senior Advisor**

Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health  
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8700  
[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing